

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/357
komudagur 2.12.2002



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndarsvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2002

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/2002 um
póstþjónustu, 257. mál.**

Samtök iðnaðarins telja að rétt sé að fella með öllu niður einkarétt á póstþjónustu vegna póstsendinga bréfa. Þó að í frumvarpinu sé ekki gert ráð fyrir að einkarétturinn falli niður telja Samtökin að lækkun einkaréttamarkanna, eins og hún kemur fram í frumvarpinu, úr 250 gr. bréfum í 100 gr. bréf 1. janúar 2003 og niður í 50 gr. bréf 1. janúar 2006, sé skref í rétta átt og ætti að leiða til aukinnar samkeppni á þessum markaði. Samtökin telja þó eðlilegt að í stað þess að draga enn frekar úr einkaréttinum 1. janúar 2006 verði hann þá felldur niður með öllu. Með það í huga styðja Samtök iðnaðarins að frumvarp þetta verði að lögum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Haraldur Dean Nelson
upplýsingarstjóri